

8. gr.

Nr. 58.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

30.
nóvbr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Bráðabirgðalög

Nr. 59.

30.
nóvbr.

um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkv. 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands um það að nauðsyn beri til, vegna styrjalda þeirrar er nú geysar í Norðurálfu, að auka veltufje á Íslandi um stundarsakir, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti ráðherra Íslands heimild til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn, samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, getur gefið út.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa Íslands banka til loka septembermánaðar 1915 að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi getur gefið út, þó eigi um hærri upphæð en hálfa milljón króna í mesta lagi.

Þessa viðbót við seðlafúlguna má þó því aðeins leyfa, að:

1. að minnsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr 2½ milljón kr., sje málformði samkvæmt 5. gr. nefndra laga 10. nóvbr. 1905.

- Nr. 59. 2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2 % á ári, af upphæð þeirri, er seðla-
 30. upphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr 2½ milljón kr. og málmforðinn
 nóvbr. nægir ekki til.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 60.
 26.
 nóvbr.

Auglýsing

um kirkjugjald í Holtastaðasókn í Húnavatnsprófastsdæmi.

Landsstjórnin hefir samkvæmt lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld, ákveðið að kirkjugjald í Holtastaðasókn í Húnavatnsprófastsdæmi skuli frá fardögum 1914 að telja vera 99 aurar á hvern gjaldskyldan safnaðarmann.

Þetta birtist hjermeð.

Í stjórnarráði Íslands 26. nóvember 1914.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.